


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Uppáhaldssonur verður þræll



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus
Aðlagð af: M.Kerr; Sarah S; Alastair P.
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada


©2022 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

Ísak var í góðu skapi. Jakob sonur hans var heima.
Meira að segja Esá fagnaði bróður sínum sem hann
hafði áður heitið að drepa. En synir Jakobs voru
óánægðir að Jósef skyldi vera hans uppáhaldssonur.




Bræður Jósefs urðu enn reiðari er hann sagði þeim drauma sína. "Kornknippi mitt reysti sig og kornknippi bræðra minna lutu fyrir mínu." sagði Jósef. Draumurinn þýddi að Jósef væri hafinn yfir bræður sína.




3

Í öðrum draumi Jósefs, lutu sólin, tunglið og stjörnur fyrir honum. Jafnvel Jakob faðir hans reiddist honum fyrir að upphefja sig yfir foreldra sína og bræður.



4

Dag einn sendi Jakob Jósef út á akurinn þar sem bræður hans voru að gæta hjarðar föður síns. Bræður hans sáu hann koma. "Við skulum drepa þennan draumamann," muldruðu þeir. Jósef gerði sér ekki ljósa hættuna sem steðjaði að.




5

Rúben, elsti bróðirinn, var ósammála. "Við megum ekki úthella blóði," sagði hann. "Sjá, hér er gryfja. Látið hann deyja þar!" Rúben ráðgerði að bjarga Jósef síðar um kvöldið.



6

Þegar Jósef kom, tóku bræðurnir hann og afklæddu hann úr marglita kyrtlinum sem Jakob hafði sérstaklega gert fyrir uppáhalds son sinn. Síðan fleygðu þeir honum ofaní gryfjuna.




7

Í fjarveru Rúbens nálgadist úlfaldalest sem var á leið til Egyptalands. "Við skulum selja Jósef," hrópaði Júda bróðir hans. Samningurinn var gerður. Þeir seldu Jósef fyrir Tuttugu silfurpeninga.




8

Gráti nær og skelfingu lostinn, horfði Jósef á hjálparvana meðan úlfaldalestin hnikaðist hægt og sígandi á brott frá fjölskyldu hans og heimalandi.




9

"Er þetta kyrtill Jósefs? Hann er blóðugur. Við fundum hann í eyðimörkinni." Bræðurnir miskunnarlausir komu Jakob til að trúá því að upphalds sonur hans hafði verið drepinn af villidýri. Jakob reif klæði sín yfirkominn af sorg. Engum tókst að hugga hann.




10

Jósef hlýtur að hafa verið hræddur og einmana í Egyptalandi. Líklega hefur hann saknað heimahagana. En hann gat ekki flúið. Hann var þræll í húsi Pótífar, háttsets Egypta. Pótífar sá að Jósef var duglegur til vinnu og áreiðanlegur.



11

"Allt sem þú leggur hendi á er vel gert," Pótífar sagði við Jósef einn daginn. "Guð er með þér. Ég vil að þú verðir yfirmaður minn, sjáir um öll mín viðskipti og hafir yfirumsjón yfir öllu mínu starfsfólki."



12

Guð gaf Pótífar góða uppskeru og mikil auðæfi vegna Jósefs. Þrátt fyrir upphæfðina hélt Jósef áfram að treysta og þjóna Guði af trúfesti. En vandræði stéðjuðu nú að Jósef.




13

Kona Pótífar var syndug kona. Hún reyndi að tæla Jósef til að leggjast með sér, en Jósef færðist undan. Hann vildi ekki syndga gegn Guði og þar með að svívirða Pótífar. Þegar konan reyndi að þvinga hann, flúði hann undan. En hún greip og tók skikkju hans.




14

"Þræll þinn réðst á mig," kvartaði kona Pótívars.
"Sjá, hér er skikkja hans!" Pótífar reiddist. Kannski
vissi hann að kona hans var að ljúga. En hann varð að
gera eitthvað. Hvað átti hann að gera?



15

Pótífar lét setja Jósef í
fangelsi. Þótt hann væri
saklaus, var Jósef hvorki
bitur né reiður. Kannski
var honum að lærast af
erfiðleikum sínum að hvar
sem hann var, ef hann
heiðraði Guð, mundi Guð
heiðra hann - meira
að segja í fangelsi.



16

Uppáhaldssonur verður þræll


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrsta Mósebók 37 og 39

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

17



60

18

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd.
Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að
hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í
hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til
lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér
tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til
eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til
að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið
þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo
ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í
himmarríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem
barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!

19